

Gengistryggð lán

– Jákvæð þróun en of hæg

Endurútreikningar gengistryggðra lána voru mikið í deiglunni árið 2011. Beina brautin, sameiginlegt átak stjórnvalda og ýmissa hagsmunasamtaka, skilaði hraðari úrlausn mála. Nokkrar hindranir voru þó á veginum og þröngsýn afstaða banka til fordæmis-gildis dóma um gengistryggð lán hafði þó nokkur áhrif á málshraðann. Segja má að úrlausn þessara mála sé langt komin, en því miður eru ennþá álitamál á lofti varðandi hvað nákvæmlega telst til gengistryggingar.

Í mars var haldinn fjölmennur félagsfundur um málið og í framhaldi af honum varð töluverð fjölmiðla-umræða. Í fréttum Stöðvar 2 þann 14. mars gagnrýndi Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri FA, þá tregðu sem einkenni afstöðu bankanna til endurútreikninga. „Það er alveg skýrt að í samkomulaginu er sú krafa lögð á bankana að þeir veiti þennan endurútreikning.“ Félagið ráðlagði félagsmönnum á þessum tímapunkti að leita ráðgjafar.

„Í ljósi dómaframkvæmdar Hæstaréttar í febrúar, þá teljum við mjög mikilvægt að fyrirtækin fái einfaldlega sérfræðinga til þess að meta með sér hvort að gengis-tryggð lán þeirra séu ólögæt. Nú ef svo er þá teljum við líka mikilvægt að fyrirtækin fái endurútreikning í samvinnu við sérfræðinga“, sagði Almar í fréttinni.

Í maí benti svo félagið á mikilvægi þess að leiðréttingar vegna ólögættra gengistryggðra lána þyrftu að ná hraðar til lána fyrirtækja sem ekki eiga í skuldavanda. Í samtali við Morgunblaðið sagði Almar m.a. „Fjöldmörg fyrirtæki sem ekki eru í eiginlegum skuldavanda hafa kvartað yfir því að fá ekki leiðréttingar vegna ólögættra gengistryggðra lána. Bankarnir hafa vissu-lega sýnt samstarfsvilja í Beinu brautinni, hann hefur skort þegar kemur að gengistryggðum lánum fyrirtækja sem ekki falla undir Beinu brautina. Í vikunni mun væntanlega falla annar dómur um slík lán þannig að málin eru farin að skýrast mjög varðandi þessi ólög-mætu lán. Bankarnir hafa, hingað til að minnsta kosti, verið mjög harðir í horn að taka og viljað láta reyna á alla skapaða hluti þótt okkur þyki komin sæmilega skýr mynd á landslagið hvað varðar þessi lán.“